FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

225. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 25. SEPTEMBER 2017



Fyrstu haustlægðir ársins, sunnanlands hið minnsta, knúðu dyra um helgina. Þessir tveir létu það þó ekki aftra sér frá því að viðra hundinn við Reykjavíkurtjörn. Tómas Guðmundsson fylgist hugsi með og lætur veðrið ekki á sig fá frekar en fyrri daginn. Viðbúið er að fleiri hvassar og blautar lægðir bjóði sér í heimsókn næstu vikurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ætla að bjóða fram í öllum kjördæmum

**Nýtt afl Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar áformar að bjóða fram lista í öllum kjördæmum landsins. Forsætisráðherrann fyrrverandi segir flokkseigendafélag Framsóknar hafa haft það meginmarkið að koma honum frá. Útilokar ekki samstarf við Björn Inga Hrafnsson.**

**STJÓRNMÁL** Nýtt framboð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins, mun bjóða fram í öllum kjördæmum. Unnið er að því nú að fá einstaklinga til að leiða listana.

„Ég vonast til þess að það takist að setja saman framboð í öllum kjördæmum,“ segir Sigmundur. „Ég lít ekki á þetta sem sérframboð heldur miklu frekar nýjan flokk, nýtt afl, sem byggist á því hvernig við nálguðumst hlutina í Framsóknarflokknum milli áranna 2009 og 2017 og kannski fyrr í sögu flokksins.“

Sigmundur tilkynnti þetta á vef sínum níutíu mínútum áður en kjördæmisþing Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi hófst í Reykjadal í Þingeyjarsveit. Andrúmsloftið á kjördæmisþinginu var nokkuð þungt að sögn heimildarmanna Fréttablaðsins en fundinn sátu margir hörðustu stuðningsmenn Sigmundar Davíðs. Margir þeirra íhuga nú stöðu sína; hvort þeir fylgi Sigmundi í nýtt afl eða haldi tryggð við Framsóknarflokkinn.

Sigmundur segist hafa reynt að ná sáttum við flokkseigendafélagið í Framsókn og þau öfl sem vildu hann burt. „Til hvers að berjast fyrir því að



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins**

þú getir starfað áfram með fólki sem lítur á það sem meginmarkmið að drepa þig?“ spyr Sigmundur Davíð.

Einnig er sótt að Gunnari Braga Sveinssyni, oddvita flokksins í Norðvesturkjördæmi. Líklegt þykir að hann fari fram undir merkjum hins nýja framboðs verði hann felldur á kjördæmaþingi þann 8. október.

Sigmundur útilokar ekki að vinna að framboði til Alþingis með Birni Inga Hrafnssyni, fyrrverandi oddvita Framsóknar í Reykjavík.

**– sa /** **sjá síðu 4**

## Reyna að hindra þrot Eistnaflugs

**MENNING** „Það er verið að vinna úr þessu og það tekur tíma að klára þetta,“ segir Stefán Magnússon, stofnandi þungarokkshátíðarinnar Eistnaflugs. Stjórnendur hennar reyna nú að forða hátíðinni, sem hefur verið haldin í Neskaupstað, frá gjaldþroti.

„Staðan í sumar var þannig að Íslendingarnir mættu en við fengum varla útlendinga á svæðið en þeir hafa verið um 30 prósent af gestum hátíðarinnar í gegnum tíðina,“ segir Stefán. **– hg /** **sjá síðu 2**

**»Þungarokkshátíðin Eistnaflug var fyrst haldin árið 2005 og í sumar stóð hún yfir í fjóra daga.**

## Óttast að málin nái ekki í gegn

**STJÓRNMÁL** Hanna Katrín Friðriksson, þingflokksformaður Viðreisnar, telur að of mikill tími hafi farið í breytingar á lögum um uppreist æru á sama tíma og mál sem varða breytingar á útlendingalögum og notendastýrða persónubundna aðstoð (NPA) fyrir fatlað fólk, hafi þurft að bíða.

„Umræðan virðist hafa tekið full langan tíma á kostnað einstaklinga sem eiga ekki að þurfa að bíða,“ segir Hanna Katrín. **– hg /** **sjá síðu 8**



**Hanna Katrín Friðriksson, þingflokksformaður Viðreisnar.**

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um leyndarmál Sjálfstæðisflokksins. 9

**SPORT** Nokkur lið kvöddu falldrauginn í næstsíðustu umferð Pepsi-deildarinnar. 12

**LÍFIÐ** Í bókinni Hreistur fjallar Bubbi Morthens um verbúðalífið sem hann lýsir sem hráu og hörðu. 22



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Búast má við ágætis veðri á landinu í dag, bjart fyrir norðan, en sums staðar skúrir sunnanlands.

SJÁ SÍÐU 18

# Reyndu fyrir sér í amerískum fótbolta




Það voru áhugasamir unglingar sem mættu í Kórinn í Kópavogi í gær og reyndu fyrir sér í amerískum fótbolta. Þar stóðu Einherjar, eina íslenska liðið sem leikur íþróttina reglulega, fyrir æfingu fyrir byrjendur á aldrinum þrettán til sautján ára. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Yfirheyrsla gæti farið fram í dag

**LÖGREGLUMÁL** Erlendur karlmaður, sem grunaður er um að hafa orðið konu að bana í íbúð hennar við Hagamel á fimmtudagskvöld, verður að öllum líkindum yfirheyrður í dag eða á morgun.

Þetta segir Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Grímur vill ekki svara hvort játning liggi fyrir. Maðurinn var úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald á föstudag.

„Þetta hefur verið þannig um helgina að það er ekki frá neinu nýju að segja,“ sagði Grímur í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi. – hg



Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

# Reyna að koma í veg fyrir gjaldþrot hjá Eistnaflugi

**MENNING** Stjórnendur þungarokkshátíðarinnar Eistnaflugs reyna nú að forða henni frá gjaldþroti. Miðasala á hátíðina í sumar var undir væntingum og hefur Fréttablaðið eftir heimildum að starfsfólk hafi ekki fengið greidd öll sín laun.

„Ég held ég geti nánast lofað því að við náum að klára þetta. Staðan í sumar var þannig að Íslendingarnir mættu en við fengum varla útlendinga á svæðið en þeir hafa verið um 30 prósent af gestum hátíðarinnar í gegnum tíðina,“ segir Stefán Magnússon, stofnandi og stjórnarformaður Eistnaflugs.

Tónlistarhátíðin hefur verið haldin árlega, aðra helgina í júlí, í Neskaupstað síðan sumarið 2005. Þar spila bæði innlendar og erlendar hljómsveitir yfir alls fjóra daga og hefur íbúafjöldi bæjarins tvöfaldast meðan hátíðin stendur yfir. Miðasala á Eistnaflug 2018 er hafin og bjóðast miðar nú á forsöluverði eða 15 þúsund krónur.



Stefán Magnússon, stofnandi og stjórnarformaður Eistnaflugs

„Við höfðum áður fengið allt að 700-800 erlenda gesti en ég ætla ekki einu sinni að giska á hvort þeir náðu 50 í sumar,“ segir Stefán.

„Það er verið að vinna úr þessu og það tekur tíma að klára þetta. Það eru allir af vilja gerðir og þess vegna er ég bjartsýnn á að við náum því,“ segir Stefán. – hg


# BRIDS SKÓLINN




Námskeið hefjast í næstu viku ...

**Byrjendur** (stig 1) **2. október**: 8 mánudagar frá 20-23
**Kerfið** (stig 2) **4. október**: 8 miðvikudagar frá 20-23

**Stig 1** Byrjað er alveg frá grunni og farið vel yfir undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfisins. Það er fólk á öllum aldri sem sækir skólann og ekkert mál að mæta stakur/stök.

**Stig 2** Hvað meinar makker? Góð spurning. Farið er vel yfir framhald sagna í Standard og ýmsar stöður í sagnbaráttu. Mikið spilað og hægt að koma stakur/stök.

Upplýsingar og innritun

í síma **898-5427** á netinu **bridge.is**


# Óttuðust að nasistafáni á bók bryti gegn lögum

Óvíst var hvort breyta þyrfti kápu þriðju bókar Vals Gunnarssonar. Hana prýðir flennistórt skjaldarmerki með fána nasista í stað hins íslenska. Fánalögin metin dauður lagabókstafur í raun en Mál og menning fékk lögfræðing í málið.

**MENNING** Óvissa um túlkun íslensku fánalaganna hægði á útgáfu nýjustu skáldsögu Vals Gunnarssonar. Bókin er nú á leið í prentun eftir álit lögfræðings útgefandans, Máls og menningar, þess efnis að bókakápan stæðist lög.

Bókin ber heitið Örninn og Fálkinn og er skáldsaga um hvað hefði getað orðið ef þýskir nasistar hefðu gengið hér á land árið 1940 en ekki breskir hermenn. Sögumaður er starfsmaður Landsímans, Sigurður Jónasson, sem fylgist grannt með því hvernig Ísland aðlagast nasismanum.

„Ég var viðstaddur opnun Bókmenntahátíðar þegar ég hitti útgefandann og spurði hvort bókin væri ekki farin í prentsmiðjuna. Þá fékk ég það svar að það biði niðurstöðu lögfræðings,“ segir Valur.

Ástæða óvissunnar um lögmæti kápunnar er að á framhlið bókarinnar má finna óvenjulega útfærslu á skjaldarmerki Íslands. Griðungurinn, gammurinn, drekinn og bergrisinn eru á sínum stöðum en þó dekkri yfirlitum en vant er. Í stað þess að þeir raði sér í kringum íslenska fánann er milli þeirra rauður fáni nasista prýddur hakakrossinum.

„Við könnumst flest við fánalögin, um hvað má gera og hvað ekki með íslenska fánann. Það er bannað að breyta honum með einhverjum hætti, nota sem föt og það sama virðist vera með skjaldarmerkið. Það varð hins vegar niðurstaðan að lögin, þó þau séu til á pappír, séu eiginlega dauður lagabókstafur. Þeim er í það minnsta ekki fylgt mikið,“ segir Valur.




Skáldsagan með nasistafánanum í skjaldarmerkinu er nú á leið í prentun.

„Þá segir í 12 grein a. [fánalaga] að skjaldarmerki Íslands sé auðkenni stjórnvalda ríkisins og notkun ríkisskjaldarmerkisins sé þeim einum heimil. En við teljum að þetta sé sjálfstætt höfundaverk þess aðila er teiknar og því langsótt að kápan falli undir fánalögin,“ segir í lögfræðiáliti vegna kápunnar.

Kápan fékk því grænt ljós og kemur bókin út að um mánuði liðnum. Bókin er þriðja verk höfundarins en áður hafði hann gefið út bækurnar Konungur norðursins og Síðasti elskhuginn. „Mig hefur lengi langað til að lesa sögu um það ef nasistar hefðu klófest Ísland. Þannig að það eina í stöðunni var í raun að skrifa bók um það,“ segir Valur. johannoli@frettabladid.is




## Þjónustan kemur af sjálfu sér

Þú vilt allt það besta fyrir þinn AYGO og nú fylgir **með í kaupunum þjónustuskoðun og smurning í tvö ár**.
Njóttu þess að leggja ást við það sem veitir þér gleði. Farðu og slepptu þér af því að þjónustan fylgir í kaupbæti.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

3+2 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA
FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Ætlar að stefna Ríkisútvarpinu fyrir fréttaumfjöllun um Sjanghæ

**AKUREYRI** Eigandi Sjanghæ á Akureyri hefur ákveðið að stefna Ríkisútvarpinu vegna fréttar um meint mansal á veitingastaðnum. Að mati eigandans, Rositu YuFan Zhang, hefur fréttaflutningurinn haft alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir rekstur staðarins og andlega líðan hennar og fjölskyldu hennar.

Þetta staðfestir lögmaður fyrirtækisins, Jóhannes Már Sigurðarson. Fyrsta frétt um málið birtist á vef Ríkisútvarpsins þann 30. ágúst síðastliðinn þar sem greint var frá því að grunur léki á að mansal væri stundað á staðnum. Voru þær fréttir byggðar á heimildum frá stéttarfélaginu Einingu Iðju. Samkvæmt heimildunum voru starfsmenn hlunnfarnir um laun og fengu greiddar um 30 þúsund krónur á mánuði. Nokkru síðar kom fréttatilkynning frá stéttarfélaginu að við rannsókn málsins hafi ekkert komið í ljós sem sannaði mansal á umræddum veitingastað.



**Jóhannes Már Sigurðarson, lögmaður Sjanghæ**

„Rík skylda hvílir á fjölmiðlum og fréttafólki að fylgja siðareglum. Sérstaklega þegar kemur að ásökunum um refsiverða háttsemi. Hafa ber í huga að mansal varðar allt að tólf ára fangelsi. Að mati umbjóðanda míns var ekki gætt að þessu við fréttaflutning RÚV og því hefur hún tekið ákvörðun um að leita réttar síns. Þannig er mér falið að undirbúa stefnu á hendur RÚV og þeim aðilum sem kunna að bera ábyrgð í málinu,“ segir Jóhannes Már.

Eigandi veitingastaðarins tók þá ákvörðun að loka staðnum í kjölfar umfjöllunar um hann. Að hennar sögn komu afar fáir viðskiptavinir á staðinn eftir að fréttin fór í loftið. Staðurinn hefur ekki verið opnaður aftur. Vonir standa þó til að hann verði opnaður bráðlega aftur. **– sa**

# Flokkseigendur boluðu Sigmundi út

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segir hóp innan Framsóknar hafa litið á það sem meginmarkmið að drepa hann. Vatn á myllu framboðsins ef þeim hópi tekst að bola Gunnari Braga Sveinssyni úr oddvitasætinu í NV-kjördæmi. Hyggst bjóða fram í öllum kjördæmum.**

**STJÓRNMÁL** „Til hvers að berjast fyrir því að þú getir starfað áfram með fólki sem lítur á það sem meginmarkmið að drepa þig?“ spyr Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins og forsætisráðherra, sem hefur sagt skilið við flokkinn og ætlar sér á þing með nýjum stjórnmálaflokki sem er í undirbúningi. Hið nýja afl mun bjóða fram í öllum kjördæmum.

Sigmundur Davíð er að vísa til þess að ákveðinn hópur innan Framsóknar hafi að hans mati reynt ítrekað að koma honum út úr flokknum á síðustu árum án árangurs, þar til í gær.

„Andrúmsloftið í Framsóknarflokknum hefur auðvitað verið mjög erfitt síðastliðið ár. Það var hins vegar ekkert sérstakt undanfarna daga eða vikur kannski sem gaf til kynna að menn myndu grípa til þeirra ráða sem gripið var til þegar boðað var til kosninga,“ segir Sigmundur. „Þar vísa ég til þess að líta á þetta sem tækifæri til að ljúka ætlunarverkinu um að losna við mig og Gunnar Braga og kannski fleiri. Þetta er svo gjörsamlega galið út frá hagsmunum flokksins.“

Sigmundur tilkynnti þetta á vef sínum níutíu mínútum áður en kjördæmisþing Framsóknarflokksins í NA-kjördæmi átti að hefjast. Þá hafði Þórunn Egilsdóttir, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, gefið það út að hún hygðist bjóða sig fram sem oddviti flokksins.

Sigmundur segir nú tekist á innan Framsóknarflokksins og flokkseigendafélagið hafi unnið að því að bola honum, Gunnari Braga Sveinssyni og fleiri einstaklingum úr þingsætum.

„Ég efast um að það hjálpi málinu að telja upp einhverja forsprakka þessa hóps en til að einfalda málið þá hef ég sagt að þetta sé sá hópur sem var ráðandi í flokknum fyrir áratug síðan. Þessi hópur sætti sig illa við stöðuna en hefur haft sig að mestu hægan,“ segir Sigmundur.



**Ekki er loku fyrir það skotið að þingmaðurinn Gunnar Bragi Sveinsson gerist liðsmaður Sigmundar í hinu nýja stjórnmálaafli.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Staða flokksins enn sterk

„Auðvitað er það bagalegt þegar fyrrverandi formenn ganga úr flokknum. Þetta kom mér hins vegar litið á óvart. Framsóknarflokkurinn mun hins vegar standa þétt saman og hefur gert síðasta árið. Allir þeir þingmenn sem tilbúnir hafa verið til að vinna saman hafa gert það mjög vel upp á síðkastið. Staða Framsóknarflokksins nú er mjög sterk og við göngum sameinuð til kosninga.“



**Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknar.**

„Ég harma brotthvarf Sigmundar Davíðs úr Framsóknarflokknum. Ég studdi hann til formennsku árið 2009 og hafa leiðir okkar legið saman í efnahagsmálunum. Við höfum unnið að úrlausn stórra efnahagsmála eins og almennu skuldaleiðréttingunni og losun fjármagnshafta. Báðar þessar efnahagsaðgerðir voru farsælar og rufu ákveðna kyrrstöðu. Alltaf þegar stjórnmálaflokkur missir öflugt fólk, þá er eftirsjá að því. Brýnt er að Framsóknarmenn snúi bökum saman og hefji kosningabaráttuna til að ná árangri.“



**Lilja Alfreðsdóttir, þingmaður Framsóknar.**

Þórunn Egilsdóttir segir framboð sitt til oddvita ekki hafa verið sett til höfuðs Sigmundi. „Nei, í raunninni er þetta rökrétt framhald af störfum mínum fyrir flokkinn, bæði sem þingflokksformaður og nefndarmaður í forsætisnefnd. Eftir kjördæmisþingið er Framsóknarflokkurinn sameinaður og öflugur og tilbúinn í kosningar.“



**Þórunn Egilsdóttir, þingflokksformaður Framsóknar.**

> **Þar vísa ég til þess að líta á þetta sem tækifæri til að ljúka ætlunarverkinu um að losna við mig og Gunnar Braga og kannski fleiri.**
>
> Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra

„Ég vonast til þess að það takist að setja saman framboð í öllum kjördæmum.“

Staða Gunnars Braga Sveinssonar er einnig veik innan flokksins í kjördæmi hans eða Norðvesturkjördæmi. Sigmundur hvetur Gunnar Braga til dáða en játar því að ef hann verður felldur verði það vatn á myllu síns framboðs. „Jú, það má kannski segja það. Hins vegar þætti mér það engu að síður mjög rangt og ósanngjarnt ef þeim tekst það ætlunarverk með Gunnar Braga ef hann hefur áhuga á að halda áfram í flokknum,“ segir forsætisráðherrann fyrrverandi.

Sigmundur segir ekki útilokað að vinna með framboði Björns Inga Hrafnssonar í komandi kosningum. Hann sé tilbúinn til þess að starfa með öllum þeim sem hafi sömu sýn á stjórnmálin og hann. Sigmundur sé í meginatriðum sammála Birni Inga og röksemdum hans fyrir stofnun nýs framboðs. **sveinn@frettabladid.is**






# Kanslarinn Merkel vann varnarsigur

**ÞÝSKALAND** Útgönguspár þýsku þingkosninganna, sem fram fóru í gær, benda til þess að fátt komi í veg fyrir að Angela Merkel verði kanslari landsins áfram. Þetta verður fjórða kjörtímabil hennar í því embætti. Þjóðernisflokkurinn Annar kostur fyrir Þýskaland (AFD) nær í fyrsta sinn mönnum inn á þing.

Kosningarnar eru merkilegar fyrir þær sakir að hinir hefðbundnu risar tapa miklu fylgi. Kristilegir demókratar (CDU), flokkur Merkel, tapar tæpum níu prósentustigum en er þó með um þriðjung atkvæða. Jafnaðarmenn (SPD) tapa um fimm prósentustigum en einn af hverjum fimm greiddi þeim atkvæði sitt.

AFD græðir á móti það fylgi sem CDU tapaði og Frjálslyndir demókratar það sem SPD tapaði. Fyrrnefndi flokkurinn hlaut um 13 prósent en sá síðarnefndi um tíu prósent.




**Merkel ávarpar stuðningsmenn eftir að niðurstöður lágu fyrir.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Græningjar og Vinstri flokkurinn bættu litlu við sig og eru um níu prósent hvor flokkur.

„Við höfðum vonast eftir betri niðurstöðu. En það má ekki gleymast að við höfum nýlokið erfiðu löggjafarþingi svo ég er sátt með að hafa náð helstu markmiðum kosningabaráttunnar,“ sagði Merkel eftir að fyrstu tölur lágu fyrir.

„Það er leitt að sjá að innflytjendamálum og AFD hefur tekist að sundra þjóðinni,“ sagði Martin Schulz, leiðtogi SPD. Hann sagði einnig að flokkurinn myndi taka að sér að leiða stjórnarandstöðu og neitaði stjórnarsamstarfi með CDU.

Afstaða Schulz þýðir að tveggja flokka stjórn er ómöguleg. Framundan eru líklega langdregnar stjórnarmyndunarviðræður. Talið er að Merkel muni leita til Frjálslyndra demókrata og Græningja. **– jóe**




Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hannaður sérstaklega fyrir þig. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir tæknilegum yfirburðum. Skemmtilegur að keyra, öruggur, áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – athygli! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum. **Komdu í heimsókn og prófaðu meira af okkar besta til þessa.**

www.honda.is

BERNHARD

Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

Tjakkar á Múrbúðarverði

EP Let's grow together

EP Pallettu-tjakkur
2 tonna lyftigeta
37.890
með PU hjólum kr 38.890

EP Galvaniseraður tjakkur
2 tonna lyftigeta
77.990

Rafmagnstjakkur 1,5 tonn verð frá
178.900 m.vsk

reddot award 2016 winner

Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Komum heil heim úr vinnu!

Málþing ASÍ um vinnuvernd

Hvenær: 29. september kl. 9:00-12:00
Hvar: Icelandair hótel Natura
Fyrir hverja: Forystufólk í verkalýðshreyfingunni og allt áhugafólki um vinnuvernd.
Málþingið er öllum opið.

Dagskrá:

9:00 Setning
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

9:10 Aukin samfélagsleg vitund á vinnuvernd sem mannréttindum er nauðsyn
Kristinn Tómasson

9:50 Work environment, safety and Health in Norway – Drivers of change in a shifting work life
Pål Molander, forstjóri norsku vinnuumhverfisstofnuninni

10:30 Kaffihlé

10:45 Health and safety in Sweden – experiences and main challanges
Barbro Köhler Krantz, sérfræðingur hjá sænska vinnueftirlitinu

11:25 Vinnuvernd – Áhugi eða áhugaleysi
Björn Ágúst Sigurjónsson

11:45 Umræður og dagskrárlok

Fundarstjóri: Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, 2. varaforseti ASÍ.

Fyrirspurnir á eftir hverju innleggi.

Barbo og Pål flytja sín erindi á ensku.

Alþýðusamband Íslands ASÍ

Vissir þú að...
Barnaheill Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.



Páll Erland var ráðinn framkvæmdastjóri ON, dótturfélags Orkuveitu Reykjavíkur, í byrjun árs 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Starfslokin kostuðu ON 21 milljón króna

**Fyrrverandi framkvæmdastjóri dótturfélags Orkuveitu Reykjavíkur (OR) var með níu mánaða uppsagnarfrest. Ráðinn framkvæmdastjóri Samorku tveimur mánuðum síðar. „Mér finnst þetta mikill kostnaður," segir stjórnarmaður í OR.**

**VIÐSKIPTI** Starfslok Páls Erland, fyrrverandi framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar (ON), dótturfélags Orkuveitu Reykjavíkur (OR), kostuðu fyrirtækið 20,7 milljónir króna en hann lét af störfum í september í fyrra. Samkvæmt ráðningarsamningi var Páll með níu mánaða uppsagnarfrest.

Kostnaður OR vegna starfsloka Páls birtist í ársreikningi félagsins fyrir árið 2016. Þar er að finna lið undir sundurliðun á starfskjörum æðstu stjórnenda OR og dótturfélaga, sem ber heitið „starfslokagreiðslur". Neðanmálsútskýring með þessum lið er að greiðslan tengist starfslokum Páls.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR, segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að þrátt fyrir orðalagið „starfslokagreiðsla" hafi þarna ekki verið um að ræða sérstaka greiðslu umfram ákvæði ráðningarsamnings.

„Það sem þarna er um að ræða eru laun, launatengd gjöld, mótframlag í lífeyrissjóð og orlofsuppgjör samkvæmt ákvæðum í ráðningarsamningi starfsmannsins. Ráðningarsamningurinn kvað á um níu mánaða uppsagnarfrest. Það var samkomulag um starfslok."



Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur.

Þann 22. september 2016 var tilkynnt að Páll, sem verið hafði framkvæmdastjóri ON frá ársbyrjun 2014, hefði sagt upp störfum hjá ON. Fréttablaðið greindi skömmu síðar frá því að það hefði verið vegna ágreinings Páls við stjórn ON. Heimildir Fréttablaðsins herma að þessi ágreiningur hafi þó fyrst og fremst verið við Bjarna Bjarnason, forstjóra OR og stjórnarformann ON, sem hafi ákveðið að láta Pál fara og lendingin hafi verið samkomulag um starfslok. Opinberlega kom þó alltaf fram að Páll hefði ákveðið að hætta en yrði fyrirtækinu innan handar næstu mánuði þar á eftir.

Ekki þykir sjálfsagt að starfsmenn fái greiddan uppsagnarfrest ráðningarsamningsins þegar þeir láta sjálfviljugir af störfum og allajafnan á það aðeins við þegar þeir eru reknir. Eðli starfslokanna gerði það þó að verkum að ON neyddist til að gera upp samninginn sem kostaði OR, sem fyrr segir, 20,7 milljónir króna.

„Mér finnst þetta mikill kostnaður og sýnir kannski fram á mikilvægi þess almennt að menn í yfirmannastöðum séu með sambærilegan uppsagnarfrest og aðrir starfsmenn," segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og stjórnarmaður í OR.

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, furðar sig jafnframt á þessum tölum. „Mér finnst þetta algjörlega út úr kortinu."

Svo fór að 2. desember 2016, rúmum tveimur mánuðum eftir tilkynningu um starfslok Páls, var greint frá því í fréttatilkynningu að hann hefði verið ráðinn framkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélagið Orka náttúrunnar, eru meðal helstu aðildarfélaga Samorku.

Fréttablaðið óskaði eftir viðtali við Bjarna Bjarnason, forstjóra OR, vegna málsins en fékk þau svör að þótt sjálfsagt væri að skýra kostnaðinn í ársreikningnum vildi fyrirtækið ekki ræða málefni einstakra starfsmanna. **mikael@frettabladid.is**

# 400 ný störf og fjölgun íbúa fylgi fiskeldi

**ATVINNUMÁL** Áætlað er að um 400 bein og afleidd störf muni skapast á Vestfjörðum verði af 25 þúsund tonna fiskeldi í Ísafjarðardjúpi. Þetta er meðal niðurstaðna skýrslu sem KPMG vann fyrir Fjórðungssamband Vestfjarða.

Meðal annarra niðurstaðna má nefna að líklega muni íbúum við Djúp fjölga um 900 samhliða fjölgun starfa. Umfang fiskeldis og óbeinna áhrifa er áætlað um 23 milljarðar á ári sé miðað við 25 þúsund tonna ársframleiðslu. Áhrifin á stangveiði í laxveiðiám í kring eru metin öllu minni eða um 220 milljónir króna ári. Þá er áætlað að um 670 árlegar milljónir renni í ríkiskassann verði af eldinu og 590 milljónir til viðbótar til sveitarfélaga á svæðinu.



Frá fiskeldi í Vesturbyggð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skýrslan var kynnt á borgarafundi í Ísafirði í gær en auk fiskeldismála voru virkjana- og vegamál í fjórðungnum á dagskránni. Í lok fundar var samþykkt samhljóða ályktun þess efnis að strax verði hafist handa við að leggja veg í Gufudalssveit um Teigsskóg og að raforkumál verði færð í nútímabúning með hringtengingu Vestfjarða. Þá hvatti fundurinn til þess að laxeldi verði heimilað í Ísafjarðardjúpi en að gripið verði til mótvægisaðgerða til að verja laxveiðiár í Djúpinu gegn hættu á erfðablöndun.

Um sjö hundruð gestir voru á fundinum og þar á meðal Bjarni Benediktsson forsætisráðherra. **– jóe**

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA!

# SINDRI

**TILBOÐ**

## VERKFÆRASETT 106 HLUTA

1/4" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm
Lyklar 6 - 22 mm
Bitasett, sexkantbitar og fl.



vnr IBTGCAI106B

**17.900** m/vsk
Fullt verð 25.194

**TILBOÐ**

## TOPPLYKLASETT 94 HLUTA

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska



vnr IBTGCAI094R

**11.900** m/vsk
Fullt verð 17.092

**TILBOÐ**

## TOPPLYKLASETT 28 HLUTA

1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska



vnr IBTGCAI2802

**7.900** m/vsk
Fullt verð 10.510

**TILBOÐ**

## TOPPLYKLASETT 130 HLUTA

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska



vnr IBTGCAI130B

**18.900** m/vsk
Fullt verð 28.733

**TILBOÐ**

## TOPP- OG SKRÚFBITASETT 1/4"

Lítið sett með mikla möguleika
1/4" Drive sexkant toppar
5.5, 6, 7, 8, 10, 11, 12, 13, 14mm



vnr IBTGADW4101

**4.900** m/vsk
Fullt verð 6.195

**TILBOÐ**

## FELGUTOPPAR SETT

1/2" 17, 19, 21mm



vnr IBTGDAI0301

**2.290** m/vsk
Fullt verð 3.096

**TILBOÐ**

## SKRÚFSTYKKI 6"

6" opnun
Snúningur 360°



vnr IBTDJAC0106

**13.640** m/vsk
Fullt verð 22.006



## SÁ VINSÆLI

283 verkfæri 163.464 m/vsk

www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Skútuvogi 1 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

# Löglegt skutl



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Í ljósi þess hversu útbreidd netnotkun er á Íslandi og hversu fljótir Íslendingar eru að tileinka sér tækninýjungar er með nokkrum ólíkindum að hugbúnaðarfyrirtæki eins og Uber og Lyft sem gera fólki kleift að ná sér í leigubíl á einfaldan hátt gegnum snjallsímann hafi ekki hafið starfsemi hér á landi.

Reykjavík er eina höfuðborgin á Norðurlöndunum þar sem Uber er ekki starfandi. Á Íslandi fá þeir einir leyfi til leigubílaaksturs sem uppfylla skilyrði laga um leigubifreiðar og reglugerðar um sama efni þar sem meðal annars er kveðið á um hámarksfjölda leigubíla í stærstu sveitarfélögunum.

Leigubílum á Íslandi hefur fjölgað á hraða snigilsins og fjölgunin hefur ekki verið í takti við þarfir samfélagsins. Á sama tíma og ferðamönnum sem fóru um Keflavíkurflugvöll fjölgaði úr rúmlega 470 þúsund árið 2008 í rúmlega 1,2 milljónir árið 2015 fjölgaði virkum leigubílaleyfum úr 537 í 547. Á meðan fjöldi ferðamanna næstum þrefaldaðist fjölgaði leigubílum um tíu. Á álagstímum kemur bersýnilega í ljós hversu mikill skortur er á leigubílum en á samfélagsmiðlum hafa birst myndir af löngum biðröðum fólks sem bíður eftir leigubíl í miðbæ Reykjavíkur.

Á sama tíma og leigubílum fjölgar ekkert blómstrar svört atvinnustarfsemi á internetinu þar sem fólk bæði óskar eftir bílum og býður þjónustu gegn greiðslu. Í grúppunni Skutlarar á Facebook eru núna rúmlega 37 þúsund manns. Ekkert eftirlit er með þessari starfsemi, engir skattar eru greiddir af keyptri þjónustu og ekkert gagnsæi. Eina eðlilega skrefið til að koma þessari starfsemi upp á yfirborðið, tryggja gagnsæi og öryggi þeirra sem nýta sér skutlið er að opna á þjónustu Uber og Lyft hér á landi.

Með Uber og Lyft nálgast notandinn þjónustuna í gegnum sérstakt app í símanum.og getur valið hvort hann deilir bíl með öðrum og greiðir lægra verð eða ferðast einn. Greitt er fyrir þjónustuna gegnum appið sjálft og í lok ferðar fær notandinn tölvupóst með þeirri leið sem ekin var á korti ásamt upplýsingum um greiðsluna. Gagnsæið er fullkomið og greiddir eru skattar og gjöld af keyptri þjónustu.

Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur þegar gert athugasemdir við norska löggjöf um leigubíla sem er keimlík íslensku lögunum. Norðmenn hafa fjöldatakmarkanir á útgefnum leyfum til leigubílaaksturs rétt eins og Íslendingar. ESA hefur skorað á norsk stjórnvöld að breyta löggjöfinni ella verði höfðað mál á hendur norska ríkinu fyrir EFTA-dómstólnum. Það er væntanlega bara tímaspursmál hvenær ESA gerir athugasemdir við íslensku löggjöfina ef það hefur ekki þegar gerst.

Fyrir stjórnarslit ákvað Jón Gunnarsson samgönguráðherra að fela starfshóp að skoða fjölgun leyfa til leigubílaaksturs og möguleika þess að opna á starfsemi fyrirtækja eins og Uber og Lyft. Gott væri ef starfshópurinn lyki sinni vinnu sem fyrst og ráðherrann eða eftirmaður hans tæki af skarið og tryggði Íslendingum sömu lífsgæði og þægindi og þeir búa við í útlöndum.

> **Á sama tíma og leigubílum fjölgar ekkert blómstrar svört atvinnustarfsemi á internetinu þar sem fólk bæði óskar eftir bílum og býður þjónustu gegn greiðslu.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Áður en hani galar**

**„Nú í nótt, áður en hani galar tvisvar, muntu þrisvar afneita mér,“ stendur meðal annars í Markúsarguðspjalli. Beindi Kristur sjálfur þeim orðum til lærisveins síns, Péturs. Sá munur er á Pétri og Páli Magnússyni að sá fyrrnefndi fylgdi frelsaranum af fúsum og frjálsum vilja. Sá síðarnefndi virðist hafa fylgt ríkisstjórninni af skyldurækni. Frá því að ríkisstjórnin sprakk og þar til að Páll afneitaði fjárlagafrumvarpinu galaði haninn oftar en tvisvar. Þó vika sé langur tími í pólitík og strax teygjanlegt hugtak þá verður þetta að teljast nokkuð skammur tími. Haldi hann áfram á þessari braut mun fréttahaukurinn fyrrverandi afneita ríkisstjórnarsamstarfinu áður en kosið verður.**

**Bjargvætturinn**

**Áhugamenn um áhugaverðar kosningar fögnuðu ákaft þegar þingmaðurinn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kunngjörði þá ákvörðun sína að slíta sig frá Framsóknarflokknum. Þó þetta sé ekki í fyrsta skipti sem forsætisráðherrann fyrrverandi gengur úr einhverju þá kom ákvörðunin á óvart sökum tímasetningarinnar. Ljóst má vera að tæpast er Sigmundur að gera að gamni sínu. Sennilega lúrir hann á hugmynd sem mun yfirtaka kosningabaráttuna og forðar þar með þjóðinni frá sömu kosningum og í fyrra.** joli@365.is

# Í lokuðu bakherbergi



**Hanna Katrín Friðriksson**
þingflokksformaður Viðreisnar

Það slitnaði upp úr stjórnarsamstarfi og það eru kosningar fram undan. Mörg góð mál eru komin í bið vegna stöðunnar og þar er af ýmsu að taka. Ég gæti notað plássið í að kynna ýmis mikilvæg mál sem ég hafði persónulega á prjónunum eða flokkurinn minn, Viðreisn. Mál á borð við skilgreiningu á nauðgun út frá samþykki, rannsókn á aðdraganda að útgáfu á starfsleyfi til kísilverksmiðju í Helguvík, þingsályktun um tryggingu gæða, hagkvæmni og skilvirkni meiriháttar opinberra fjárfestinga, umræðu um sjálfstæði fjölmiðla o.fl.

En ég ætla að ræða um þverpólitísk mál sem snerta framtíð og velferð ákveðins hóps fólks. Fólks sem á annað og betra skilið af okkur stjórnmálamönnum en að verða einhver afgangsstærð í hita leiksins. Þar á ég í fyrsta lagi við mál sem varðar mikilvæga og margsamþykkta þjónustubót fyrir fatlað fólk. Svokallaða notendastýrða persónubundna aðstoð (NPA) sem skiptir sköpum fyrir það fólk sem nýtur slíkrar þjónustu.

Annað mál varðar breytingar á útlendingalögum til að bæta stöðu flóttabarna á Íslandi. Undanfarið hafa þingmenn, þvert á flokka, lagt mikla vinnu í að koma þessum tveimur málum í höfn. En nú eru blikur á lofti.

Síðustu daga hafa formenn allra flokka á þingi fundað nær daglega bak við luktar dyr til að freista þess að ná samkomulagi um tiltekin mál sem brýnt er að afgreiða fyrir kosningar. Þeirra á meðal eru breytingar á hegningarlögum hvað varðar margumrædda uppreist æru. Þetta er ekki og alþjóð veit löngu tímabært. Ég set hins vegar spurningamerki við að tíma formannanna sé best varið, dag eftir dag, í að ræða niðurstöðu þar sem er í takt við það sem allir flokkar vilja.

Umræðan virðist hafa tekið full langan tíma á kostnað einstaklinga sem eiga ekki að þurfa að bíða eftir því að nýtt þing verði kosið með úrlausn sinna mála. Og fyrir Mary og Haniye verður það einfaldlega of seint.

Ef formenn flokkanna ná ekki að afgreiða þetta þá þarf að útskýra tæpitungulaust hvað veldur. Það þarf að opna bakherbergið og lofta út.

> **Umræðan virðist hafa tekið full langan tíma á kostnað einstaklinga sem eiga ekki að þurfa að bíða eftir því að nýtt þing verði kosið með úrlausn sinna mála.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Leyndarmálin

**Í DAG**



Guðmundur Andri Thorsson

Auðvitað mátti Sigríður Andersen sýna Bjarna Benediktssyni að faðir hans hefði skrifað upp á það að barnaníðingur fengi uppreist æru; held að við séum öll sammála umboðsmanni alþingis um það. Hún mátti líka sýna Bergi Þór Ingólfssyni nöfn þeirra sem mæltu með uppreist æru fyrir árásarmann dóttur hans. Hún mátti meira að segja sýna fjölmiðlamönnum þetta – raunar hverjum sem eftir því leitaði. Það blasir við að slíkar uppáskriftir eru ekki og eiga ekki að vera leyndarmál.

Er þetta ekki enn að renna upp fyrir Sjálfstæðismönnum?

**Geheimrat Níelsson**

Frá því að Leyndarmálin upphófust og sprengdu ríkisstjórnina á endanum hefur aðeins einn talsmaður Sjálfstæðisflokksins talað eins og maður um þau – talað eins og hann skilji um hvað þetta snýst allt saman. Það er Páll Magnússon. Hann er ekki lögfræðingur heldur stjórnmálafræðingur að mennt og hefur alið mestallan sinn aldur í fjölmiðlum. Hin öll tala eins og kerfisvélmenni. Framganga þeirra hefur verið með nokkrum ólíkindum, alveg frá því að þau gengu öll af fundi til að þurfa ekki að sjá gögnin, sem mann grunar að þau hafi vitað hvað höfðu að geyma.

Með lagaþvargi og vífilengjum hefur þessu löglærða fólki ekki bara tekist að búa til leyndarmál úr gögnum sem ættu að liggja fyrir heldur af sérstakri ráðsnilli tengt málstað barnaníðinga beinlínis við Sjálfstæðisflokkinn, mjög að ósekju að sjálfsögðu.

Mistökin fólust meðal annars í því að treysta Brynjari Níelssyni fyrir umsýslu málsins; gera hann að einhvers konar leyndarráði flokksins, Geheimrat Níelsson. Brynjar kann að vera ýmsum kostum búinn en hann hefur sem sé um árabil starfað sem verjandi glæpamanna. Þeir verða að sjálfsögðu að njóta þeirra réttinda að fá hæfa menn til að verja sig, en það hvarflar samt að manni að enn eimi eftir af hugsunarhætti verjandans hjá Brynjari í störfum hans; fyrsta viðbragðið sé jafnan að gæta að hagsmunum glæpamannsins eða þess sem telur sig hafa eitthvað að fela en síður hirt um hagsmuni þeirra sem orðið hafa fyrir barðinu á glæpunum, eða hreinlega almennings.

Umfram allt felst vandi Sjálfstæðismanna í rótgrónum hugsunarhætti þess sem hugsar út frá leyndinni, tekur sér stöðu þar og telur leynd alltaf vera hinn náttúrulega og eðlilega kost, lítur á vitneskju sem takmarkaða auðlind handa útvöldum; maður starfi út frá þeirri meginforsendu að einungis sé upplýst um það sem úrskurður liggur fyrir um að maður neyðist til að upplýsa; maður segi aðeins frá tilneyddur og alls ekki fleiru en því sem krafist er hverju sinni, hitt hafi maður fyrir sig og sína.

Í heilbrigðri stjórnsýslu myndi þessu vera akkúrat öfugt farið: að maður taki sér stöðu í upplýsingunni, segi frá öllu sem spurt sé um en leyni einungis einhverju þegar ástæða sé til.

**Stjórnfestan**

Þessi uppreistaræru-þvæla öll er afbragðs gott dæmi um fyrirkomulag sem gleymst hefur inni í kerfinu og er þarna eins og hver annar þornaður ostur í ísskápnum með bláum myglublettum, í stað þess að vera kominn á öskuhauginn með hólmgöngum, fimmtardómi og lýriti. Þegar maður hefur afplánað dóm sinn þá hefur viðkomandi greitt skuld sína við samfélagið og endurheimtir ýmis réttindi sín – en hann hefur að sjálfsögðu ekki náð að friðþægja fyrir brot sín gagnvart þeim sem þau þoldu eða náð að hreinsa nafn sitt í augum samborgara, hvað sem vitnisburði „valinkunnra manna“ kann að líða. Þetta eru leifar af þeim hugsunarhætti að tilteknir góðborgarar hafi svo gott nafn að þeir geti veitt afnot af því góða nafni næstum hvaða labbakútum sem er, svona eins og leigubílstjóri lánar bílinn sinn.

> Umfram allt felst vandi Sjálfstæðismanna í rótgrónum hugsunarhætti þess sem hugsar út frá leyndinni, tekur sér stöðu þar og telur leynd alltaf vera hinn náttúrulega og eðlilega kost

Leyndarmálin núna gefa okkur óvænta innsýn í hulið og gamalt valdakerfi, fullt af köngulóarvef og skápaskúmi, þar sem leyndarráðin standa útundir vegg og talast við í hálfum hljóðum um ný og gömul Leyndarmál.

Og við tengjum þetta valdakerfi einkum við Sjálfstæðisflokkinn, flokk reglu, já flokk stjórnfestunnar, sem ekkert má síast út um. Þar er gott fólk upp til hópa, alls konar fólk, almenningur sem kýs Sjálfstæðisflokkinn af alls konar ástæðum, sumt af því að það heldur að völdum flokksins fylgi nauðsynleg kyrrð til að byggja upp heilbrigt efnahagslíf og annað vegna þess að það er eiginlega að kjósa sunnudagsútgáfu af lífi sínu þar sem sólin skín og allt blómstrar í nýslegnum garðinum. Alls konar ástæður: munum að milli tuttugu og þrjátíu prósent þeirra sem á vegi okkar verða í dagsins önn eru eða hafa verið kjósendur Sjálfstæðisflokksins, frændur og frænkur, vinir og kunningjar, og fráleitt að tengja það við glæpi og Hrun og alls konar viðurstyggð.

En Sjálfstæðisflokkurinn er ekki bara draumurinn um kyrrð og eilífan sunnudag: hann er flokkur kerfisins, flokkur stjórnsýslunnar – já stjórnfestu – ráðstjórnarflokkurinn, flokkur þeirra sem læra lögin og túlka þau; eiga þau; það er ekki tilviljun að úr þeim ranni hefur verið rammasta andstaðan við umbætur á stjórnarskránni: þeir vilja hafa hana óskýrt plagg þar sem hægt er að raða lagakrókum sem útúrsnúningunum er svo vafið upp á af fimi sem tekið hefur aldir að þjálfa upp. Og þjóðfélagið spólar á meðan í stjórnfestu.

Umboðsmaður skuldara

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 9.00 - 15.00

Símatími ráðgjafa er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.00 - 14.00

SÍMI 512 6600
GRÆNT NÚMER 800 6600
KRINGLAN 1 103 REYKJAVÍK

ums.is



# FLUGMENN TIL FRAMTÍÐAR




**Ný námsbraut Icelandair fyrir verðandi flugmenn**

Vilt þú verða flugmaður? Við leitum að hæfum einstaklingum, sem hafa áhuga á að starfa sem flugmenn hjá okkur í framtíðinni. Við erum á höttunum eftir ástríðufullu fólki sem jafnvel hefur enn ekki hafið flugnám.

Unnið er að því að setja upp námsbraut fyrir framtíðarflugmenn í samstarfi við Flugakademíu Keilis, Flugskóla Íslands og erlenda flugskóla, þar sem við munum aðstoða nemendur við fjármögnun á náminu.

Þeim umsækjendum sem standast inntökuferli verður boðið að hefja flugnám og munu þeir njóta forgangs til starfa hjá okkur að námi loknu. Þeir sem þegar eru í flugnámi geta einnig sótt um og tekið þátt í þessu verkefni án þess að röskun verði á námi þeirra.

Opinn kynningarfundur verður haldinn í þjálfunarsetri Icelandair í Hafnarfirði þann 27. september kl. 17:00 fyrir alla þá sem vilja vita meira um námsbrautina.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 85698 09/17




+ Skráning fyrir kynningarfundinn fer fram á icelandair.is/flugmenn-til-framtidar

ICELANDAIR

## Slógu fagnaðarlátum meistaraefnanna á frest




**Gular og glaðar** Grindavík kom í veg fyrir að Þór/KA næði að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri í leik liðanna á laugardaginn. Á sama tíma vann Breiðablik Stjörnuna. Það er því mikil spenna fyrir lokaumferðina í Pepsi-deild kvenna. Þór/KA fær FH í heimsókn og verður að vinna til að verða Íslandsmeistari. Breiðablik mætir hins vegar Grindavík heima og verður meistari með sigri ef Þór/KA misstígur sig. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Kvað falldrauginn í kútinn

**Tuttugasta og fyrsta og næstsíðasta umferð Pepsi-deildar karla fór fram í gær. Breiðablik og Fjölnir eru örugg með sæti í deildinni að ári, Stjarnan og FH kræktu í tvö síðustu Evrópusætin og markametið stendur enn.**

**FÓTBOLTI** Það voru komnar þrjár mínútur fram yfir venjulegan leiktíma í leik Breiðabliks og ÍBV þegar Sveinn Aron Guðjohnsen skoraði markið sem tryggði að Kópavogsliðið spilar í Pepsi-deildinni að ári. Sveinn Aron kom þá boltanum í netið eftir aukaspyrnu Kristins Jónssonar og skoraði sitt þriðja mark í sumar. Lokatölur 3-2, Breiðabliki í vil.

„Frammistaða hans í sumar er eitthvað sem þarf að meta eftir mót. Hann er gríðarlega efnilegur strákur sem þarf að æfa stíft til að verða alvöru framherji og hann hefur alla burði til þess, hvort það gerist hjá honum, þarf hann bara að sýna,“ sagði Milos Milojevic, þjálfari Breiðabliks, eftir leikinn í Kópavoginum.

Blikar gátu leyft sér að brosa í gær en brúnin var öllu þyngri á Eyjamönnum enda eru þeir enn í mikilli fallhættu. Bikarmeistararnir eru með 22 stig í 10. sæti Pepsi-deildarinnar, einu stigi á undan Víkingi Ó., en með mun betri markatölu. Eyjamenn eru því enn með örlögin í sínum höndum og halda sér uppi með sigri á KA í lokaumferðinni, sama hvernig fer hjá Ólsurum og Skagamönnum.

Víkingur Ó. var lengi vel með forystuna gegn FH en varð á endanum að sætta sig við jafntefli, 1-1. Þetta var síðasti leikurinn á náttúrulegu grasi á Ólafsvíkurvelli en gervigras verður nú lagt á hann.

„Við eigum hörkuleik gegn Skaganum um næstu helgi og svo vonum við að KA taki ÍBV í Eyjum. Það er erfitt að þurfa að treysta á annan en sjálfan þig en við verðum að gera okkar og vinna ÍA,“ sagði Þorsteinn Már Ragnarsson, markaskorari Víkings, eftir leikinn.




**Blikar fagna Sveini Aroni Guðjohnsen, hetjunni gegn ÍBV.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Steven Lennon skoraði jöfnunarmark FH úr vítaspyrnu en þetta var hans fimmtánda mark í sumar. Stigið þýðir að FH-ingar eru öruggir með Evrópusæti. Þeir hafa verið samfellt með í Evrópukeppni síðan 2004.

„Hann hefur verið ofurvaramaður undanfarin ár. Ég ætla að hætta að kalla hann seigan. Mér finnst hann orðinn mjög góður. Haukarnir voru mjög klókir að ná í hann,“ sagði Jóhann Gunnar um Atla Má.

Líkt og Haukar varð FH einnig fyrir áfalli í sumar þegar Gísli Þorgeir Kristjánsson, besti leikmaður úrslitakeppninnar á síðasta tímabili, fór úr olnbogalið. Þrátt fyrir fjarveru þessa stórefnilega leikmanns hefur ekki séð högg á vatni hjá silfurliðinu frá því í fyrra.

„Maður hefði haldið að það yrði stærra skarð að fylla. Það sést ekki á sóknarleik þeirra,“ sagði Jóhann Gunnar en FH skoraði samtals 75 mörk í fyrstu tveimur leikjum tímabilsins.

Jóhann Gunnar segir erfitt að finna veikleika hjá Haukum og FH. Liðin hafi allavega ekki sýnt þá í fyrstu tveimur umferðunum.

„Lítil breidd hefur ekki komið niður á Haukum og þeir eru greinilega í hörkuformi. Kannski markvarslan hjá FH. Hún var mjög góð í fyrsta leiknum en ekkert spes í síðasta leik. Annars finnst mér liðin líta rosalega vel út,“ sagði Jóhann Gunnar.

Leikur Hauka og FH hefst klukkan 20.00 og verður sýndur beint á Stöð 2 Sport. Strax eftir leikinn er komið að Seinni bylgjunni, uppgjörsþætti um Olís-deildirnar í handbolta. **– iþs**

## Nýjast

**Olís-deild karla**

### Fjölnir - Valur 17-18

**Markahæstir:** Kristján Örn Kristjánsson 7/2, Bjarki Lárusson 4/1 - Ásgeir Vignisson 5, Alexander Örn Júlíusson 3, Magnús Óli Magnússon 3.

### Víkingur - ÍR 24-32

**Markahæstir:** Hlynur Óttarsson 5, fimm leikmenn með þrjú mörk - Bergvin Þór Gíslason 9, Sveinn Andri Sveinsson 7, Sturla Ásgeirsson 7/3.

### Afturelding - Stjarnan 27-27

**Markahæstir:** Ernir Hrafn Arnarson 8, Árni Bragi Eyjólfsson 5/3, Elvar Ásgeirsson 3, Einar Ingi Hrafnsson 3 - Garðar B. Sigurjónsson 7/2, Egill Magnússon 6, Leó Snær Pétursson 5.

**Leik Gróttu og ÍBV var frestað vegna veðurs. Hann fer fram klukkan 18:00 í dag.**

**Olís-deild kvenna**

### Fram - Fjölnir 31-21

**Markahæstar:** Sigurbjörg Jóhannsdóttir 10, Þórey Rósa Stefánsdóttir 6 - Guðrún Jenný Sigurðardóttir 8, Ólöf Ásta Arnþórsdóttir 4.

### Selfoss - ÍBV 25-32

**Markahæstar:** Kristrún Steinþórsdóttir 6, Harpa Sólveig Brynjarsdóttir 5 - Karólína Bæhrenz Lárudóttir 9, Ester Óskarsdóttir 7.

### Valur - Grótta 24-22

**Markahæstar:** Diana Satkauskaité 10, Kristín Arndís Ólafsdóttir 4 - Lovísa Thompson 9, fjórir leikmenn með þrjú mörk.

### Haukar - Stjarnan 21-25

**Markahæstar:** Maria Pereira 8, Guðrún Erla Bjarnadóttir 3, Sigrún Jóhannsdóttir 3 - Ramune Pekarskyte 10, Stefanía Theodórsdóttir 5.

**Inkasso-deildin**

### Fylkir - ÍR 2-1

0-1 Sergine Modou Fall (53.), 1-1 Hákon Ingi Jónsson (64.), 2-1 Emil Ásmundsson (89.).

### HK - Keflavík 2-1

0-1 Leonard Sigurðsson (14.), 1-1 Eiður Gauti Sæbjörnsson (41.), 2-1 Bjarni Gunnarsson (72.).

### Fram - Þróttur 0-4

0-1 Hreinn Ingi Örnólfsson (11.), 0-2 Viktor Jónsson (18.), 0-3 Ólafur Hrannar Kristjánsson (51.), 0-4 Sveinbjörn Jónasson (90.).

### Leiknir R. - Grótta 2-1

1-0 Kolbeinn Kárason (21.), 1-1 Enok Eiðsson (74.), 2-1 Kolbeinn (82.).

### Leiknir F. - Þór 0-3

0-1 Guðni Sigþórsson, víti (8.), 0-2 Ármann Pétur Ævarsson (69.), 0-3 Aron Kristófer Lárusson (90+3.).

### Selfoss - Haukar 2-1

0-1 Ísak Jónsson (16.), 1-1 Andrew Pew (64.), 2-1 Ingi Rafn Ingibergsson (90.).

**Fylkir og Keflavík leika í Pepsi-deildinni á næsta ári. Leiknir F. og Grótta féllu og leika í 2. deild á næsta ári.**

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fylkir | 22 | 15 | 3 | 4 | 50 - 19 | 48 |
| Keflavík | 22 | 14 | 4 | 4 | 43 - 24 | 46 |
| Þróttur | 22 | 13 | 3 | 6 | 37 - 21 | 42 |
| HK | 22 | 14 | 0 | 8 | 36 - 28 | 42 |
| Leiknir R. | 22 | 10 | 6 | 6 | 38 - 31 | 36 |
| Þór | 22 | 10 | 4 | 8 | 35 - 31 | 34 |
| Haukar | 22 | 9 | 6 | 7 | 34 - 39 | 33 |
| Selfoss | 22 | 8 | 4 | 10 | 27 - 29 | 28 |
| Fram | 22 | 7 | 6 | 9 | 32 - 39 | 27 |
| ÍR | 22 | 5 | 4 | 13 | 27 - 38 | 19 |
| Leiknir F. | 22 | 3 | 1 | 18 | 23 - 53 | 10 |
| Grótta | 22 | 2 | 3 | 17 | 16 - 47 | 9 |








Við leitum að íslenskri list

Alþjóðlegt uppboð í desember

Um þessar mundir er mikil eftirspurn eftir íslenskri samtímalist frá 20. öldinni. Til að mæta þessari eftirspurn leitum við nú eftir verkum eftirfarandi listamanna með alþjóðlegt uppboð okkar í desember í huga:

Ásgrímur Jónsson, Jóhannes S. Kjarval, Svavar Guðnason, Júlíana Sveinsdóttir, Gunnlaugur Blöndal, Jón Stefánsson, Kristín Jónsdóttir, Ásmundur Sveinsson, Nína Tryggvadóttir, Sigurjón Ólafsson, Erró, Þorvaldur Skúlason, og fleiri.

*Ef frekari upplýsinga er þörf má hafa samband við Niels Boe-Hauggaard í +45 8818 1182 / nbh@bruun-rasmussen.dk eða Peter Beck í +45 8818 1186 / pb@bruun-rasmussen.dk*

BRUUN RASMUSSEN
KUNSTAUKTIONER

Sundkrogsgade 30
2150 Nordhavn, København
Tel +45 8818 1111

Søren Frichs Vej 34 D
8230 Åbyhøj, Aarhus
Tel +45 8818 1100

bruun-rasmussen.dk

## Merkisatburðir

**1850** Fyrsta heildarlöggjöf um erfðir gengur í gildi á Íslandi og samkvæmt henni skulu dætur njóta sama réttar til arfs og synir.

**1939** Bresk njósnaflugvél nauðlendir á Raufarhöfn.

**1958** Fyrsti breski togarinn er tekinn við ólöglegar veiðar innan hinnar nýju tólf mílna landhelgi Íslendinga. Það eru varðskipin Óðinn og María Júlía sem hjálpast að við það. Togarinn nefnist Paynter og honum er sleppt aftur að skipun dómsmálaráðuneytisins.

**1975** Lagarfossvirkjun er vígð og tvöfaldast raforkuframleiðsla í Austfirðingafjórðungi er hún tekur til starfa.

**2003** Jarðskjálfti sem mælist átta stig á Richter ríður yfir japönsku eyjuna Hokkaídó.

ÞETTA GERÐIST: 25. SEPTEMBER 2009

## Eldur kviknaði í háalofti Höfða

Eldur kom upp í Höfða þennan mánaðardag árið 2009. Borgarstarfsmenn dreif að úr skrifstofum í Borgartúni og lögreglumenn lögðu hönd á plóginn ásamt sendibílstjórum við að bera verðmæti út. Á meðan sinnti slökkviliðið eldinum sem komið hafði upp á háaloftinu og tókst að ráða niðurlögum hans á um það bil klukkustund.

Talsverðar skemmdir urðu á ytra byrði hússins en öllu var bjargað innan úr því, meðal annars gestabók frá leiðtogafundi Reagans og Gorbatsjovs árið 1986 og málverkum eftir þekktustu málara landsins.

Fyrr um daginn hafði verið opið hús í Höfða til að minnast þess að hundrað ár voru liðin frá því fyrst var flutt inn í húsið.

Höfði var byggður á Félagstúni fyrir franska konsúlinn Jean-Paul Brillouin. Einar Benediktsson bjó þar um tíma og Matthías Einarsson læknir á öðru tímabili. En Höfði drabbaðist niður og var bústaður útigangsmanna þegar Reykjavíkurborg gerði hann að móttökuhúsi sínu.



†

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðný Sigurgísladóttir**

lést 15. september sl.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju
27. september kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar
er bent á Sunnuhlíðarsamtökin.

**Ástþór Gíslason** — **Erla Gunnarsdóttir**
**Hrafnkell S. Gíslason** — **Ragnheiður D. Gísladóttir**
**Hólmfríður Gísladóttir** — **Kristín Erla Boland**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, sonur, bróðir og mágur,

**Sigurgeir Óskar Owen Haraldsson**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við
Hringbraut laugardaginn 16. september.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 27. september klukkan 13.00.

**Ína Owen Valsdóttir**
**Sigurbjörg H. Sigurgeirsdóttir**
**Áróra Rut Owen** — **Guðmundur B. Sigurgeirsson**
**Haraldur Owen** — **Þorbjörg Finnbogadóttir**
**Sigurbjörg F. Óskarsdóttir** — **Brynjólfur Gestsson**
**systkini og fjölskyldur þeirra.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



Mundell skissar hinar myndrænu hlíðar mosa í hrauni.

# Thor Vilhjálmsson kenndi mér að meta mosann

**Gróður elds og ísa nefnist myndlistarsýning í Gerðubergi í Reykjavík. Þar getur að líta vatnslitaverk eftir listamanninn Derek Karl Mundell. Þó hann hafi búið á Íslandi í fjörutíu ár uppgötvaði hann þetta myndefni fyrst í fyrra og vill nú varpa nýju ljósi á mosann.**

Gamburmosinn og margar fleiri tegundir mosa í íslenskri náttúru njóta sín í vatnslitaverkum sem Derek Karl Mundell sýnir um þessar mundir í Gerðubergi í Breiðholti. „Ég vona að með sýningunni geti ég varpað nýju ljósi á mosann,“ segir listamaðurinn og heldur áfram: „Ég hef búið hér í fjörutíu ár en lengst af vakti mosinn ekki athygli mína. Það var ekki fyrr en ég opnaði útvarpið í fyrra til að hlusta á Thor Vilhjálmsson lesa upp úr Grámosinn glóir. Hann las ákveðinn kafla þar sem tveir menn með fjóra hesta eru að ríða gegnum hraun og hann lýsti umhverfinu mjög myndrænt. Ég varð heillaður og ákvað að fara suður á Reykjanes, í hraun sem heitir Illahraun, nærri Bláa lóninu, og er alveg að hverfa undir grágræna mosann sem Thor lýsir svo fallega, það er gamburmosi. Þarna tók ég myndir og skissaði heilan dag, fór svo aftur daginn eftir og drakk þetta umhverfi í mig.“

Derek kveðst hafa málað fáeinar myndir í fyrra en flestar þó í sumar. Meðal annars hafi hann sótt myndefnið í Svínahraun, í grennd við Litlu kaffistofuna, og líka í Berserkjahraun við Stykkishólm. „Sýningin er byggð upp á myndum sem ég tók í alla vega veðri: stundum var sólskin, stundum skýjað, stundum nýbúið að rigna og þá breytir mosinn um lit. Ég reyni að ná þessum blæbrigðum á pappír með vatnslitunum.

Mosamyndirnar eru margar hverjar stórar, eða allt upp í 1,40 á breidd. „Það hafa margir málað mosa með olíulitum,“ segir Derek. „En ég veit ekki um marga sem hafa beitt vatnslitum á hann.“

**gun@frettabladi.is**



Grámosinn glóir.



Eldur geisar undir.

### Thor Vilhjálmsson. Grámosinn glóir 1986

Tveir menn, fjórir hestar. Blásnir melar með lyngþúfum og mosaþembum ískotnum hreindýramosa, og hvítnar af; hvítnandi rætur, naktar rætur ofan á mold; grjót með skellum af skóf.

Og hreindýramosinn lýsir umhverfis hið næsta, ljósgráhvítur með fjólubláfölum tilbrigðum.

Ofar kom í mýri með grashólmum. Þar eru seytlur og dý með mosa, og snarrót. Fífusund. Enn ofar lækur sem rennur um móa, ofan við lyngróna brekku. Lækurinn hverfur stundum, og kemur svo frussandi út með lágu murri og slitnu hjali. (...)

Dropar í dýjamosa titra, glitra eins- og smágerð djásn.

### Hver er maðurinn?

Derek Mundell fæddist í Englandi 1951 og flutti til Íslands 1976. Hann starfaði við vísindi, iðnað, vöruþróun og markaðsmál framan af. Fyrir 30 árum vaknaði ástríða hans fyrir vatnslitamálun og hófst þá nýtt tímabil. Hann hefur bæði lært og kennt vatnslitun síðan og árið 2011 lauk hann þriggja ára námi í listasögu við HÍ.

# Líttu við í Lágmúlanum

## AEG

AEG 90 ÁR HJÁ ORMSSON

Kraftmiklu og hljóðlátu ryksugurnar frá **AEG** eru komnar aftur.



Minnum á ryksugupokana.



**Verð frá 14.900,-**

## brabantia



Strauborð með fallegu látlausu áklæði.

**Verð aðeins 7.990,-**

## Tefal

Þetta merki hefur verið hjá Ormsson í 27 ár.
Það köllum við meðmæli.
**BJÓÐUM 25% AFSLÁTT Í NOKKRA DAGA**

**25%**



## bodum

Átta bolla (1ltr.) pressukanna frá BODUM



**Verð aðeins 4.990,-**

## NIVONA

Alsjálfvirk, afkastamikil og endingagóð kaffivél til heimilisnota.

**Komnar aftur**



5 ára reynsla á Íslandi

## SteamOne

### Gufusléttun fyrir öll efni

Kynnið ykkur einstaklega hentuga lausn sem hentar bæði heimilum og fyrirtækjum.



Tekur aðeins mínútu að gera tækið klárt til að slétta, lykthreinsa eða drepa rykmaura og aðrar óværur.

Heimilið: Sófar, Föt, Gluggatjöld, Dúkar, Teppi, Rúmföt

Fyrirtækin: Fataverslanir, Veitingastaðir, Hótel, Leikhús, Fatahreinsanir, Kjólaleigur

## brabantia

**Ný sending**



### Þrifalegu ruslafötturnar

Margar gerðir og litir. Pokar og ilmspjöld.

## UNOLD

*SOUS VIDE*
*Heimilistæki til hægeldunar*

**19.900,-**

GERMAN DESIGN AWARD SPECIAL 2017



### *Spennandi leið til eldunar*

**Sous vide** frá **Unold**. Leikur einn að elda með tækinu. Tryggir nákvæman kjarnhita og eldamennskan verður óviðjafnaleg. Tækið hefur fengið verðlaun í Þýskalandi fyrir hönnun.

95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

*Netverslun* ORMSSON.IS

ORMSSON **Greiðslukjör**
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Búast má við ágætis veðri á landinu í dag, bjart fyrir norðan, en sums staðar skúrir sunnanlands. Vaxandi suðaustanátt þegar líður á daginn, hvassviðri eða stormur syðst í kvöld og fer að rigna. Fremur hlýtt í veðri.




### Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 8° | 11° |
| ↖6 | ↖8 | ↖9 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 11° | 6° |
| ↖11 | ←6 | ↑3 |

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 6° | 11° |
| →2 | ↑4 | ↖6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 9° | 4° |
| ↖13 | ↘3 | →1 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 8 | 3 | 6 | |
| | | | | 3 | | 9 | | 7 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 7 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | 8 | 4 | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | 8 | | | 3 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| 5 | | 3 | | | | | 8 | 9 |
| 4 | | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 6 | 1 | 2 | 5 | 8 | 4 |
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 2 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 3 | 7 |
| 6 | 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 4 | 8 | 1 | 7 | 5 | 3 | 2 | 6 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 9 | 6 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 9 | 6 | 8 | 5 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 1 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 8 | 6 | 9 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 6 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 8 | 6 | 5 | 3 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 5 | 3 | 2 | 7 | 4 | 8 |
| 7 | 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 1 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 9 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 5 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 3 | 6 | 9 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 6 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 2 | 7 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. bauti
6. þvaga
8. sægur
9. stormur
11. óreiða
12. rót
14. sepi
16. í röð
17. hismi
18. bókstafur
20. tveir eins
21. velta

**LÓÐRÉTT**
1. ófá
3. umhverfis
4. getspár
5. titill
7. slípaður
10. óvild
13. skjón
15. sjá eftir
16. húðpoki
19. nudd




**LÁRÉTT:** 2. buff, 6. ös, 8. mor, 9. rok, 11. rú, 12. grams, 14. flipi, 16. hi, 17. sáð, 18. enn, 20. rr, 21. snúa.
**LÓÐRÉTT:** 1. mörg, 3. um, 4. forspár, 5. frú, 7. sorfinn, 10. kal, 13. mis, 15. iðra, 16. hes, 19. nú.

## Skák Gunnar Björnsson

Adamo átti leik gegn Sleidinger árið 1981.
**Hvítur á leik**
**1. Bxe6!** (1. Bf5 með sömu hugmynd gengur líka). **1. ... Bxe6 2. Rxg6+!** (2. Dxg7+ gengur líka). **2...Rxg6 3. Dxh7+Hxh7 4. Hxh7+ Hxh7 5. Hxh7# 1-0.**
Þriðja skák úrslitaeinvígis heimsbikarmótsins fer fram í dag.

**www.skak.is:** NM skólasveitaúrslit






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman







## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 - 6:30 | L |
| KINGSMAN 2 | KL. 6 - 9 | 16 |
| KINGSMAN 2 VIP | KL. 6 - 9 | VIP |
| IT | KL. 5 - 9 - 10:10 - 10:30 | 16 |
| MOTHER! | KL. 8 - 10:35 | 16 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 8 | 9 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 8 | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:30 | L |
| KINGSMAN 2 | KL. 5 - 7:50 - 10:40 | 16 |
| IT | KL. 5:20 - 8 - 10:45 | 16 |
| MOTHER! | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | 16 |
| AMERICAN MADE | KL. 8 - 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| LEGO NINJAGO ENSKT TAL | KL. 8 | L |
| IT | KL. 7:30 - 10:20 | 16 |
| MOTHER! | KL. 10:20 | 16 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:30 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| LEGO NINJAGO ENSKT TAL | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| IT | KL. 8 - 10:50 | 16 |
| MOTHER! | KL. 10:20 | 16 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| KINGSMAN 2 | KL. 8 - 10:05 | 16 |
| UNDIR TRÉNU | KL. 8 | 12 |


# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 25. SEPTEMBER 2017

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Hvenær fær þjóðin uppreist æru?
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex Hostel
Að fundinum standa Samfylkingarfélagið í Reykjavík, Hallveig – félag ungra jafnaðarmanna í Reykjavík og Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Samfylkingarinnar.

**Hvað?** Framúrskarandi Skólaumhverfi
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Kennaraháskólanum
Hvað þarf til þess að skólarnir okkar verði framúrskarandi? Komið og hlustið á fyrirlesara sem munu gefa ykkur svar við þessari spurningu. Meðal fyrirlesara eru John Snorri Sigurjónsson, Rósa Gunnarsdóttir, menntunarfræðingur og frumkvöðull, Ingvar Sigurgeirsson prófessor. Miðaverð er 3.500 kr.

### Námskeið

**Hvað?** Lífsorka, hamingja og hugleiðsla
**Hvenær?** 4.-8. september
**Hvar?** Andartak, Kundalini jógastöð

**Hvað?** Mósaíkmunstur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gunnarsbraut 32
Tinna Þórudóttir Þorvaldar kennir að hekla mósaíkmunstur. Verð er 5.000 kr.

**Hvað?** Hreint fæði og yoga
**Hvenær?** 19.55
**Hvar?** Yogasmiðjan

**Hvað?** Miðausturlensk matreiðsla
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Miðstöð símenntunar, Skólabraut 2, 220 Hafnarfirði

**Hvað?** Canon EOS grunnnámskeið
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Borgartún 37
Canon EOS grunnnámskeiðið er þriggja klst. kennsla á EOS myndavélina þína þar sem farið er í ljósop, hraða, ISO, valmyndir og stillingar myndavélarinnar ásamt myndbyggingu. Einnig er farið í geymslu stafrænna gagna og prentun. Þetta er frábært tækifæri til að læra enn betur á myndavélina eftir að hafa prófað sig áfram aðeins áður.

**Hvað?** Myndlist og teikning fyrir 10-14 ára
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Klifið, Garðatorgi, Garðabæ
Farið í grunntækni í teikningu. Teiknað verður eftir uppstillingum en einnig verður farið í frjálslegri tækni. Unnið verður með blýöntum, kolum, bleki, pennum og jafnvel vatnslitum. Verð: 36.400 kr.



**Christiano Ronaldo, leikmaður Real Madri á Spáni.**

### Viðburðir

**Hvað?** Miss Universe Iceland
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla Bíó

**Hvað?** FIFA 18 mót Gamestöðvarinnar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Gamestöðin, Kringlunni
FIFA-mót og kvöldopnun fyrir þá sem hafa forpantað Ronaldo-útgáfuna af PS4 & Xbox One á slaginu 22.00 í Gamestöðinni. Til að taka þátt í mótinu þarf að forpanta leikinn, Ronaldo Edition eða venjulegu útgáfuna, í verslun Gamestöðvarinnar í Kringlunni eða á www.gamestodin.is.

## Góða skemmtun í bíó







# DAGSKRÁ

## Mánudagur

### STÖÐ 2

**07.00** **Simpson-fjölskyldan**
**07.20** **Kalli kanína og félagar**
**07.45** **The Middle**
**08.10** **2 Broke Girls**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Sullivan & Son**
**10.35** **The Last Man on Earth**
**11.00** **Fresh off the Boat**
**11.20** **Empire**
**12.05** **Mannshvörf á Íslandi**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **The X Factor UK**
**14.40** **The X Factor UK**
**15.45** **The Secret Life of a 4 Year Olds**
**16.35** **Friends**
**17.00** **Bold and the Beautiful**
**17.22** **Nágrannar**
**17.46** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Sportpakkinn**
**19.20** **Fréttayfirlit og veður**
**19.25** **The Mindy Project**
**19.55** **I Own Australia's Best Home** Frábærir þættir fyrir alla sem kunna að meta stórfenglega byggingarlist, nútímahönnun og innanhússarkitektúr sem á engan sinn líka.
**20.45** **Gulli byggir**
**21.20** **The Deuce**
**22.25** **Vice**
**22.55** **Víglínan** Vikulegur þjóðmálaþáttur á vegum fréttastofu Stöðvar 2 í ritstjórn Kristínar Þorsteinsdóttur og umsjón Heimis Más Péturssonar sem mun stýra þáttunum ásamt Höskuldi Kára Schram.
**23.45** **Tin Star**
**00.30** **Outlander**
**01.25** **Ballers**
**01.55** **Empire**
**02.40** **Eyewitness**
**03.20** **Eyewitness**
**04.00** **Bones**
**04.40** **Murder in the First**
**05.25** **The Listener**
**06.10** **The Middle**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.10** **Minnesota Vikings - Tampa Bay Buccaneers**
**09.40** **Pepsi-mörkin**
**11.10** **Víkingur Ó. - FH**
**12.50** **HK - Keflavík**
**14.30** **Brighton - Newcastle**
**16.10** **Messan**
**17.35** **Football League Show**
**18.05** **Haukar - Stjarnan**
**19.45** **Haukar - FH**
**21.30** **Seinni bylgjan**
**23.00** **Pepsi-mörk kvenna**
**00.00** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**00.25** **Spænsku mörkin**
**00.55** **Arsenal - WBA**
**06.55** **Haukar - Stjarnan**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** **Messan**
**08.30** **West Ham - Tottenham**
**10.10** **Afturelding - Stjarnan**
**11.40** **LA Chargers - Kansas City Chiefs**
**14.00** **Breiðablik - ÍBV**
**15.40** **Stjarnan - Valur**
**17.20** **Pepsi-mörkin**
**18.50** **Arsenal - West Bromwich Albion**
**21.00** **Pepsímörk kvenna**
**22.00** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2017/2018**
**22.25** **Spænsku mörkin**
**22.55** **Football League Show**
**23.25** **Haukar - FH**
**00.55** **Seinni bylgjan**
**06.55** **Seinni bylgjan**

### STÖÐ 3

**17.25** **New Girl**
**17.50** **Mike & Molly**
**18.10** **The Big Bang Theory**
**18.35** **Modern Family**
**19.00** **Curb Your Enthusiasm**
**19.30** **Who Do You Think You Are?**
**20.30** **Grimm**
**21.15** **The Originals**
**22.00** **The Sopranos**
**22.50** **Sleepy Hollow**
**23.35** **The Vampire Diaries**
**00.20** **Modern Family**
**00.45** **Curb Your Enthusiasm**
**01.15** **Who Do You Think You Are?**
**02.20** **Grimm**
**03.05** **Tónlist**

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** **Strumparnir**
**07.25** **Hvellur keppnisbíll**
**07.37** **Ævintýraferðin**
**07.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**08.00** **Kormákur**
**08.11** **Zigby**
**08.25** **Stóri og Litli**
**08.38** **Brunabílarnir**
**09.00** **Könnuðurinn Dóra**
**09.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**10.00** **Áfram Diego, áfram!**
**10.24** **Svampur Sveinsson**
**10.49** **Lalli**
**10.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**11.00** **Strumparnir**
**11.25** **Hvellur keppnisbíll**
**11.37** **Ævintýraferðin**
**11.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**12.00** **Kormákur**
**12.12** **Zigby**
**12.26** **Stóri og Litli**
**12.39** **Brunabílarnir**
**13.00** **Könnuðurinn Dóra**
**13.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**13.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**14.00** **Áfram Diego, áfram!**
**14.24** **Svampur Sveinsson**
**14.49** **Lalli**
**14.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**15.00** **Strumparnir**
**15.25** **Hvellur keppnisbíll**
**15.37** **Ævintýraferðin**
**15.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**16.00** **Kormákur**
**16.12** **Zigby**
**16.26** **Stóri og Litli**
**16.39** **Brunabílarnir**
**17.00** **Könnuðurinn Dóra**
**17.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**17.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**18.00** **Áfram Diego, áfram!**
**18.24** **Svampur Sveinsson**
**18.49** **Lalli**
**18.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**19.00** **Tarzan**



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 09.47, 13.47 og 17.47**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** **Golfing World**
**08.50** **Presidents Cup 2015**
**11.45** **Tour Championship**
**17.45** **PGA Highlights**
**18.40** **Tour Championship**
**00.40** **PGA Highlights**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.15** **Grassroots**
**13.50** **Southside with You**
**15.15** **Brooklyn**
**17.05** **Grassroots**
**18.40** **Southside with You** Stórgóð mynd frá 2016 sem byggð er á sönnum atburðum og gerist um sumarið 1989 þegar verðandi Bandaríkjaforseti, Barack Obama, gerði hosur sínar grænar fyrir framtíðareiginkonu sinni, Michelle Robinson, í Chicago.
**20.05** **Brooklyn**
**22.00** **Unfinished Business**
**23.35** **Kill The Messenger**
**01.25** **Homefront** Spennumynd frá 2013 með James Franco, Jason Statham og Winona Ryder í aðalhlutverkum. Phil Broker er nýfluttur til lítils bæjar ásamt dóttur sinni og vonast til að finna þar frið eftir að hafa um árabil staðið í eldlínu baráttu lögreglunnar við eiturlyfjasala og aðra glæpamenn. Þegar dóttir hans verður fyrir áreitni skólahrotta og svarar fyrir sig með því að nefbrjóta hrottann fyllist móðir hans hefndarþorsta og biður eiturlyfjaframleiðandann Gator að flæma feðginin úr bænum.
**03.05** **Unfinished Business**

### RÚV

**16.05** **Silfrið**
**17.05** **Séra Brown**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Háværa ljónið Urri**
**18.11** **Veistu hvað ég elska þig mikið**
**18.22** **Skógargengið**
**18.33** **Undraveröld Gúnda**
**18.46** **Gulí Jakkinn**
**18.48** **Kóðinn - Saga tölvunnar**
**18.50** **Krakkafréttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós og Menningin**
**20.00** **Veiðin**
**20.55** **Vegir Drottins**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Truffaut rýnir í Hitchcock**
**23.40** **Kastljós og Menningin**
**00.00** **Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **90210**
**09.50** **Royal Pains**
**10.35** **Síminn + Spotify**
**13.35** **Dr. Phil**
**14.15** **Rachel Allen's Everyday Kitchen**
**14.40** **Doubt**
**15.25** **The Great Indoors**
**15.50** **Crazy Ex-Girlfriend**
**16.35** **Everybody Loves Raymond**
**17.00** **King of Queens**
**17.25** **How I Met Your Mother**
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **The Tonight Show**
**19.10** **The Late Late Show**
**19.50** **Playing House**
**20.15** **Top Chef**
**21.00** **Taken**
**21.45** **The Good Fight**
**22.30** **Happyish**
**23.00** **The Tonight Show**
**23.40** **The Late Late Show**
**00.20** **CSI**
**01.05** **Hawaii Five-0**
**01.50** **Star**
**02.35** **Girlfriends' Guide to Divorce**
**03.20** **Baskets**
**03.50** **Taken**
**04.35** **The Good Fight**
**05.20** **Happyish**
**05.50** **Síminn + Spotify**

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





**GULLI BYGGIR**
KL: 20:45
Frábær þáttur með Gulla Helga sem allir þeir sem standa í stórum sem smáum breytingum mega ekki láta framhjá sér fara né heldur þeir sem hafa gaman af því að fylgjast með endurbótum almennt.

Magnað
**Mánudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**I OWN AUSTRALIA´S BEST HOME**
KL: 19:55
Frábærir þættir fyrir alla sem kunna að meta stórfenglega byggingarlist, nútímahönnun og innanhússarkitektúr sem á engan sinn líka.






**THE DEUCE**
KL. 21:20
Það gekk heldur betur mikið á í uppgangi klámiðnaðarins í New York á áttunda áratugnum. Umtöluð og flott þáttaröð úr smiðju HBO.

**VICE**
KL: 22:25
Vandaður og áhugaverður fréttaþáttur frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.




**UNFINISHED BUSINESS**
KL: 22:00
Myndin fjallar um duglegan eiganda lítils fyrirtækis og tvo félaga hans sem ferðast saman til Evrópu til að landa stærsta samningi lífs síns.



**CURB YOUR ENTHUSIASM**
KL: 19:00
Í heimi þar sem almenn leiðindi eru skemmtilegust og óþolinmæði og smámunasemi eru fremstar allra dyggða, þar er Larry Davies ókrýndur konungur.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is




# ÖKUM ÖRUGG INN Í HAUSTIÐ MEÐ SKOÐUN FRUMHERJA

Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar · Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur

IS NV 18 309

Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.

## ÖRUGG BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND

**STARFSMENN FRUMHERJA SKOÐA BÍLA Á 30 STÖÐUM UM LAND ALLT, ÞAR AF ERU 7 STÖÐVAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir ökutækjasvið skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu okkar frumherji.is




Frumherji
www.frumherji.is
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

20 ÁRA
STOFNAÐ 1997

DORMA KYNNIR

SIMBA®



Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.

Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum

| | |
|---|---|
| 90 x 200 cm | 74.990 kr. |
| 120 x 200 cm | 89.990 kr. |
| 140 x 200 cm | 99.900 kr. |
| 160 x 200 cm | 114.990 kr. |
| 180 x 200 cm | 129.900 kr. |




Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast




Í bókinni Hreistur fjallar Bubbi meðal annars um lífið og tilveruna í verbúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Verbúðalífið var bæði brjálað & dásamlegt

**Bubbi Morthens** gaf nýverið út bókina Hreistur sem inniheldur ljóð um tímann þegar hann starfaði í verðbúðum og umhverfið sem mótaði hann.

Í raun er ég búinn að vera að yrkja þessa bók í 40 ár. Ég er af seinustu kynslóð manna og kvenna sem ferðuðust um Ísland í margar aldir, úr verstöð í verstöð, til að vinna í fiski. Í dag er þessi heimur horfinn og margt fólk veit ekki að þetta hafi verið til. Og kannski er ég að reisa einhvers konar minnisvarða um þennan heim – um fólkið sem lifði þennan heim,“ segir Bubbi Morthens spurður út í ljóðabók sína Hreistur sem fjallar að miklu leyti um verbúðalífið. „Þessi ljóðabók inniheldur brot frá þessum tíma sem ég lifði sem farandverkamaður og sjómaður sem ferðaðist úr þorpi í þorp.“

Bubbi byrjaði ungur að vinna í fiski sem hafði mikil áhrif á hann. „Ég er líka að segja ákveðna þroskasögu. Ég er ekki nema 16 ára þegar ég er kominn vestur á firði, og er farinn að búa á verbúð innan um fullorðið fólk. Og þegar maður er 16 ára þá er maður bara lítill strákur, maður saknar mömmu og allt það. En maður er kominn inn í heim sem er mjög hrár og harður. Og ég lifi þessu lífi þangað til ég geri Ísbjarnarblús og gerist atvinnumaður í tónlist.“

Bubbi kveðst vera óendanlega þakklátur fyrir þessa upplifun þó að hún hafi verið krefjandi. „Ég væri ekki þar sem ég er í dag ef ég hefði ekki upplifað þetta. En ég meina, 16 ára krakkar eiga ekki að þurfa að horfa upp á nauðgun, 16 ára krakkar eiga ekki að þurfa að slást á böllum dauðadrukknir og allt þetta. En þetta var partur af þessum heimi. Þegar maður er kominn upp á verbúð, þar sem 56 manneskjur eru saman komnar þá ægir öllu saman. Svo um helgar, ef það var ekki unnið, þá fór helmingurinn á glórulaust fyllerí. Þetta var bara brjálæði. En engu að síður var þetta dásamlegt og fallegt.“

## Ungt fólk tengir við ljóðformið

Bubbi segist hafa fengið góðar viðtökur við ljóðabókinni og fólk á öllum aldri hefur sýnt henni áhuga. „Ég var að spila á tónleikum í fyrradag og las upp úr bókinni á milli laga. Og fólk á aldrinum 20-30 ára var í meirihluta þeirra sem keyptu bókina, það finnst mér alveg geggjað.“

Spurður út í hvernig ljóðaupplesturinn og tónlistin fari saman á tónleikum segir Bubbi: „Þetta er bara eins og ástfangin maður og kona um nótt.“

Bubbi verður var við að ungt fólk eigi auðvelt við að tengja við ljóðformið. „Ég held að ljóð eigi greiðan aðgang að unga fólkinu í dag, vegna þess að það þekkir þetta knappa form sem einkennir ljóð. Þetta er eins og Twitter, Snapchat og Instagram, þetta eru allt gríðarlega knöpp form. Þú þarft í raun að samanþjappa löngu máli í nokkur orð. Og þetta þekkja þau vel.“

Bubbi er sjálfur virkur á samfélagsmiðlum og hefur öðlast nýjan aðdáendahóp í gegnum það form. „Margir af mínum fylgjendum á samfélagsmiðlum eru krakkar. Um daginn hitti ég ungt par sem var að kaupa af mér ljóðabókina. Og þau sögðu mér að þau hefðu byrjað að fylgja mér á Twitter og Snapchat og svo síðar uppgötvað að ég væri tónlistarmaður, það er alveg dásamlegt,“ segir hann og hlær.

gudnyhronn@365.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Tilboðsvika í Hafinu

**25.-29. september**

★ Þorskur í basil og hvítlauk
**1.890 kr. kg.**

★ Spænskur saltfiskréttur
**1.890 kr. kg.**



★ Langa í austurlensku karry
**1.890 kr. kg.**

## Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð



KOKKA LANDS LIÐIÐ

HAFIÐ ER STOLTUR
SAMSTARFSAÐILI
ÍSLENSKA KOKKALANDSLIÐSINS

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | www.hafid.is | við erum á facebook

HAFIÐ
FISKVERSLUN

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Jóhanns Óla Eiðssonar



# Snappínan

Nennir þú að vera matchið sem sendir ekki dickpic á degi tvö?“

Svona hljóðuðu skilaboð sem mér bárust á dögunum. Sem einstaklingur sem hefur ekki (enn þá) sent frá mér slíkt myndefni voru fyrstu viðbrögð að móðgast örlítið. Eftir að hafa hugsað málið lengur var niðurstaðan sú að líklegast væri vandamálið stærra en ég gerði mér grein fyrir og ótti stelpunnar á rökum reistur.

Það er hluti af forréttindum mínum sem stak í sniðmengi hvítra, gagnkynhneigðra karlmanna að litlar líkur eru á að slíkar óumbeðnar myndir berist mér. Mín upplifun af viðfangsefninu er því að mestu leyti af samræðum við fólk í áhættuhópum. Þannig komst ég til dæmis að því að stundum er hugtakið „snappína“, samsetning Snapchat og standpína, notað um þetta og að þær berist í öllum stærðum og gerðum. Það hvort menn séu vaxnir sem hross eða hrúðurkarl hefur víst lítið að segja. Þá er þetta miklu algengara en mig óraði fyrir. Sumar tala meira að segja um að suma daga fái þær fleiri typpamyndir en máltíðir.

Klassískt máltæki segir að mynd segi meira en þúsund orð. Myndin þýðir hálfvegis: „Hei, hér er ég í öllu mínu veldi. Ég smætta konur og sendi þeim myndir sem þær hafa sennilega takmarkaðan áhuga á. Take it or leave it.“

Fyrir utan að auglýsa hve ótrúlega frábær, réttsýnn og hógvær ég er þjóna þessi skrif því að spyrja spurninga. Ég hef nefnilega heyrt frá mörgum sem hafa fengið svona myndir en engan sem gengist hefur við því að senda slíkar. Hvað hugsarðu áður en þú sendir? Kastarðu út á mörgum stöngum í von um að ein bíti á agnið? Hví hættirðu þessu ekki? Hægt er að svara í kommentakerfinu eða með því að senda póst.










